

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Þingeyinga urðun við Kópasker



Dags eftirlits	20.9.2012	Fulltrúi UST	Helga Hreinsdóttir
Fyrirtæki	Sorpsamlag Þingeyinga	Fulltrúi UST	
Heimili	Víðimóar 2, Húsavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	711001-2470	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Grímsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	615746,542 649342,948

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Urðunarstaðurinn var snyrtilegur við aðkomu og ekki eru athugasemdir við verklag. Eitt frávik var staðfest: Urðað magn á árinu 2011 var umfram heimild starfsleyfis. Ein athugasemd er gerð varðandi áform rekstaraðila þar sem starfsleyfi rennur út innan skamms tíma.

UMFANG EFTIRLITS

Gengið var um urðunarstaðinn með umsjónarmanni og framkvæmd urðunar á staðnum rædd.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 1.1. í starfsleyfi: "Starfsleyfi þetta gildir fyrir meðhöndlun allt að 500 tonnum á ári á neyslu og rekstarúrgangi..."	Magn úrgangs tilurðunar á árinu 2011 var umfram heimild í starfsleyfi, þ.e. 549 tonn.

ATHUGASEMDIR

Starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn rennur út í desember nk. Ekki hefur verið sótt um endurnýjun starfsleyfis né heldur hefur Umhverfisstofnun borist áætlun um lokun urðunarstaðarins.

Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

ANNAÐ

Ástæða er til að hvetja forsvarsmenn rekstaraðila til að bæta flokkun úrgangs og uppfæra íbúa um endurvinnslumöguleika.

Vegna magns úrgangs umfram heimild í starfsleyfi á árinu 2011 hefur rekstaraðili upplýst að um 30 tonn af ösku hafi verið urðuð á svæðinu og einnig um 35 tonn af almennum úrgangi frá suðursvæði (Húsavík, Þingeyjarsveit og Mývatnssveit) vegna bilunar í brennslubúnaði.

Reykjavík, 28.11.2012

Helga Hreinsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.